



Fundur háskólaráðs 21. september 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 18.09.2000 09:13:52
Dags: 21.09.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

11/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 21. september var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 1.1 Lagt fram bréf frá Valdimar K. Jónssyni, deildarforseta verkfræðideildar og Gísla Má Gíslasyni, deildarforseta raunvísindadeildar, þar sem farið er fram á undanþágu frá 58. gr. reglugerðar um nafnleynd í prófum verkfræði- og raunvísindadeilda.
- 1.2 Lagt fram bréf frá Jóni Torfa Jónassyni, deildarforseta félagsvísindadeildar, þar sem óskað er eftir staðfestingu háskólaráðs á samþykktum félagsvísindadeildar um framgangsmál.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Áskorun Stúdentaráðs um að H.Í. afhendi F.S. fleiri lóðir til umráða.
- 2.2 Ályktun Stúdentaráðs um prófskírteini við Háskóla Íslands.

3. Mál á dagskrá

- 3.1 Aðferðir við að skipta fjárveitingum vegna kennslu (deililíkanið).
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði: Breytingar á deililíkani Háskóla Íslands, dags. 21.9.2000. Í minnisblaðinu er rakið hvernig deililíkanið hefur þróast frá því það var samþykkt á fundi háskólaráðs 24. apríl 1996. Þá er gerð grein fyrir þremur kostum sem fjármálanefnd hefur skoðað vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á deililíkaninu. Málið var rætt ítarlega og skýrði Ingjaldur nánar ýmis atriði og svaraði fyrirspurnum.
- 3.2 Húsnæðis og skipulagsmál.
Rektor lagði fram gögn um húsnæðismál.
I. Töflu sem sýnir notkun á húsnæði í Háskóla Íslands dags. 6. júní s.l. Taflan og notkun húsnæðis var rædd.
II. Minnisblað um húsnæðismál, drög dags. 20. þ.m. Rektor ræddi minnisblaðið og skýrði það nánar.
III. Uppdráttur af háskólasvæði og skipulagi þess.
IV. Minnisblað um Háskólatorg, menningarmiðstöð Háskóla Íslands og útdráttur úr ræðu rektors 5. september 1998, „Um háskólatorgið.”
Húsnæðis- og skipulagsmál Háskólans í heild voru rædd og sérstaklega þeir möguleikar sem fyrir hendi eru til þess að fjármagna brýnar þarfir Háskóla Íslands fyrir aukið húsnæði og fjármagn til að ljúka Náttúrufræðahúsinu.
- 3.3 Hlutfélag um rannsókn- og háskólanet.
Á síðasta fundi ráðsins var kynnt tillaga að stofnun hlutfélags um rannsókn- og háskólanet. Málið var rætt og ákveðið einróma að stofna hlutfélagið.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 16:15